



Borgarráð

Ævintýraborgir á Eggertsgötu 35 og Nauthólsvegi 81, leiga á húsnæði fyrir leikskóla

Óskað er eftir að borgarráð samþykki tvo húsaleigusamninga við Terra Einingar ehf. um leigu á leikskólahúsnæði að Nauthólsvegi 81 og Eggertsgötu 35.

Greinargerð:

Leikskólarnir hafa fengið vinnuheimilið Ævintýraborgir og er afrakstur vinnu stýrihóps sem fer með verkefnið Brúum bilið. Brúum bilið verkefnið nýtir fjölbreyttar lausnir til að fjölga leikskólaplássum: byggja nýja leikskóla, reisa viðbyggingar við eldri leikskóla, opna nýjar leikskóladeildir í færanlegum húsum, fjölga plássum hjá sjálfstætt starfandi leikskólum og loks að leigja húsnæði af þriðja aðila undir leikskóla. Ævintýraborgirnar falla í síðastnefnda flokkinn með möguleika á kauprétti þannig ef húsnæðið verður vel heppnað þá hefur Reykjavíkurborg möguleika á að kaupa húsnæðið og nýta það á viðkomandi stöðum eða færa annað eftir því sem eftirspurnin breytist.

Skortur er á leikskólaplássi í þessum borgarhlutum og hægt er með þessu að bregðast hratt við og fjölga leikskólaplássum. Á Eggertsgötu verður samhliða tekið í notkun hús sem fyrir er á lóðinni og saman verða leikskólarymi þar fyrir um 85 börn og í kringum 100 á Nauthólsvegi.

Báðir leigusamningarnir eru afrakstur vinnu og undirbúnings sem byggja á fyrri samþykktum borgarráðs. Tillögu um fjölgun leikskólaplássa með leigu á færanlegum einingum og leikskólarútum, samþykkt í borgarráði 29. apríl 2021 og tillögu um forgang þriggja staðsetninga vegna fjölgunar leikskólaplássa í borginni, samþykkt í borgarráði 20. maí 2021.

Bæði húsin eru samansett úr forframleiddum einingum sem fljótlegt er að setja saman og ganga frá á verkstað og þannig að úr verði gott húsnæði með öllum þeim nútíma aðbúnaði og þægindum sem þarf fyrir börn og starfsfólk miðað við nútíma kennsluaðferðir.

Leigusalar munu afhenda Reykjavíkurborg fullbúið leikskólahúsnæði án lauss búnaðar.

Á Nauthólsvegi er um að ræða 849 m² húsnæði og er gert ráð fyrir að leikskólinn verði afhentur í lok apríl 2022. Leigugjaldið er 5.229.750 kr. á mánuði.

Á Eggertsgötu er um að ræða 629 m² húsnæði og er gert ráð fyrir að leikskólinn verði afhentur 1. mars 2022. Leigugjaldið er 3.602.126 kr. á mánuði.

Í báðum tilfellum er leigutími tímabundinn til 10 ára frá afhendingu húsnæðisins.

Við kostnað bætist gerð leikskólalóðar og lauss búnaðar sem samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 65 millj. kr. fyrir Eggertsgötu og 80 millj. kr. fyrir Nauthólsveg en gert er ráð fyrir þessum kostnaði í fjárfestingaáætlun ársins 2022.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa

Samrit:

Hjálagt:

Leigusamningur um húsnæði á Eggertsgötu 35, ásamt fylgiskjöllum

Leigusamningur um húsnæði á Nauthólsvegi 81, ásamt fylgiskjöllum